

Staða lífeyrissjóðanna við árslok 2016

Fjármálaeftirlitið hefur birt [samantekt um stöðu lífeyrissparnaðar, samtryggingar og séreignar](#) við árslok 2016. Efnið er unnið úr þeim gögnum sem Fjármálaeftirlitinu hafa borist frá lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Á liðnu ári voru starfandi 25 lífeyrissjóðir í 71 deild samtryggingar og séreignar. Aðrir vörsluaðilar séreignasparnaðar voru sjö talsins með 30 séreignadeildir. Tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda lífeyrissjóða versnaði lítillega milli ára.


Mikilvægum áfanga var náð til fullrar fjármögnunar A-deilda lífeyrissjóða opinberra starfsmanna er ríki og sveitarfélög ákváðu að gera upp skuldbindingar sínar vegna þessara deilda, með samtals 153 milljarða króna fjárframlagi. Breytingin fólst í því að réttindakerfum sjóðanna var breytt til samræmis við sjóði á almennum vinnumarkaði. Ríkið greiddi, við árslok 2016, 117 milljarða króna til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sveitarfélögin greiddu sinn hluta vegna breytinganna 31. maí síðastliðinn.

Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameinuðust á liðnu ári undir nafninu Birta lífeyrissjóður með um 320 milljarða króna eignir, sem gerir sameinaðan sjóð að fjórða stærsta lífeyrissjóði á landinu.

Lífeyrismarkaður

Eignir alls lífeyriskerfisins voru í árslok 2016 um 3.726 milljarðar króna, eða 154% af vergri landsframleiðslu (VLF). Til samanburðar voru efnahagsreikningar þriggja stærstu viðskiptabankanna um 3.200 milljarðar króna og lánamarkaðarins í heild um 4.250 milljarðar króna. Eignir lífeyriskerfisins, sem hlutfall af VLF lækkuðu um þrjú prósentustig frá fyrra ári vegna lægri ávöxtunar sjóðanna og aukinnar landsframleiðslu. Eignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða jukust um nærri 8% og voru 3.194 milljarðar króna í árslok 2016. Séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 340 milljörðum króna og 192 milljörðum króna hjá öðrum vörsluaðilum séreignasparnaðar. Aukning frá fyrra ári nemur 6% hjá þeim fyrrnefndu og 8% hjá þeim síðarnefndu.

Mynd 1. Raunávöxtun lífeyrissjóða valinna OECD landa (Heimild: OECD Pension funds in Figures)




Hrein raunávöxtun samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna versnaði verulega milli ára og var 0% á árinu 2016 samanborið við 8% árið 2015. Ávöxtunin var með því lægsta sem gerðist innan OECD landa á liðnu ári, sjá mynd 1. Hrein raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða sl. 25 ár er hins vegar 4,3% sem er vel yfir langtímaviðmiði þeirra um 3,5% árlega ávöxtun. Hrein raunávöxtun séreignasparnaðar lífeyrissjóða annarsvegar og annarra vörsluaðila hinsvegar var neikvæð um 0,7% og 2,0% á liðnu ári.

Skuldabréf eru eins og áður stærsti eignaflokkur í efnahagsreikningum samtryggingadeilda lífeyrissjóðanna, nálægt 1.800 milljörðum króna. Það er umtalsverð aukning frá fyrra ári er þessar eignir námu 1.553 milljörðum króna. Veruleg aukning varð í útlánum til sjóðfélaga árið 2016 en hún var nærri 56 milljarðar króna og nema þær eignir um 6,5% af heildareignum samtryggingadeilda lífeyris-sjóðanna. Þetta er mjög hátt hlutfall ef miðað er við þau 14 OECD

lönd sem leyfa lán til sjóðfélaga. Eignarhlutir í félögum og sjóðum nema 1.285 milljörðum króna sem er álíka fjárhæð og árið áður. Erlendar eignir samtryggingadeilda námu um 22,7% við árslok 2016.

Sú nýbreytni var tekinn upp við gagnaskil annarra vörsluaðila séreignasparnaðar að þeir skiluðu inn gögnum með svipuðum hætti og lífeyrissjóðir. Þannig fæst betri samanburður milli þessara aðila um rekstur og kennitölur (sjá hluta II). Verulegur munur er á eignasamsetningu séreignasparnaðar lífeyrissjóðanna og annarra vörsluaðila, samkvæmt innsendum gögnum um sundurliðun fjárfestinga (hluti III). Munar þar mestu hversu bankainnstæður eru stór hluti eigna hjá öðrum vörsluaðilum eða um tveir þriðju þeirra en aðeins 13% hjá lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðir fjárfesta hinsvegar meira í hlutdeildarskírteinum og verðbréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga.

Mynd 2 Skipting eigna séreignasparnaðar á vegum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila



Tryggingafræðileg staða

Heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna versnaði nokkuð milli ára eða um 177 milljarða króna. Staða sjóða með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga var neikvæð um 36,4% en staða sjóða á almennum vinnumarkaði var nálægt jafnvægi með neikvæða stöðu 0,6%. Versnandi tryggingafræðileg staða er tilkomin vegna slakrar ávöxtunar á liðnu ári og aukinna skuldbindinga vegna nýrra líftaflna. Nýjar líftöflur sem byggja á dánarreynslu árána 2010-2014 leystu af hólmi eldri töflur og það jók skuldbindingarnar um 60,5 milljarða kr. eða 1,7%.

Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins má finna talnaefnið á hleknum <https://www.fme.is/utgefid-efni/tolulegar-upplýsingar/>.